



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 23/2009 **vegna kvörtunar Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. vegna hýsingargjalda Mílu ehf.**

I.

Kvörtun Gagnaveitu Reykjavíkur og viðbrögð Mílu

Í máli þessu liggur fyrir kvörtun frá Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. (GR) þar sem þess er krafist að Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) taki kæránlega, rökstudda ákvörðun um réttmæti mánaðarlegs gjalds sem Míla ehf. (Míla) krefur GR um fyrir hýsingu á tengibúnaði GR vegna ljósleiðara í um 30 sírstöðvum Mílu. GR hefur komið umræddum tengibúnaði fyrir í umræddum sírstöðvum til að geta tengst viðskiptavinum sínum sem hafa staðsett búnað sinn í tengslum við koparheimtaugaleigu í umræddum sírstöðvum. GR telur sig hafa með greiðslu stofngjalds greitt fyrir lagningu strengja og tengibúnaðar í umræddar sírstöðvar.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1 Kvörtun GR til PFS, dags. 3. desember 2008

Með bréfi, dags. 3. desember 2008, beindi GR kvörtun til PFS þar sem Míla krefði GR nú um greiðslu mánaðarlegra hýsingargjalda vegna tengibúnaðar sem nauðsynlegur væri til frágangs á ljósleiðarastrengjum GR í sírstöðvar Mílu. GR hefði lagt og tengt ljósleiðarastrengi inn í sírstöðvar Mílu þar sem þeir tengjast í fjarskiptabúnað viðskiptavina GR vegna aðgangs að koparheimtaugum. Í búnaði þessara viðskiptavina GR færi þá í raun fram samtenging á netum GR og Mílu. GR væri nú með ljósleiðarastrengi í um 30 sírstöðvar Mílu sem lagðir hefðu verið á síðastliðnum árum.

GR hefði til þessa greitt Mílu stofngjald samkvæmt verðskrá um heimtaugaleigu fyrir aðgang að *nágreennishýsingu* vegna umræddra lagna kr. 112.450 kr., þó svo að þessi vara kæmi ekki fram sem slík í viðmiðunartilboði Mílu fyrir heimtaugar eða öðrum verðskráum þeirra. Aðgangur að nágreennishýsingu fæli í sér lög्न frá sírstöð Mílu til annars húsnæðis í grennd þar sem búnaður viðskiptavinar væri hýstur. Umræddar ljósleiðaralagnir GR

fælu í sér lög्न frá brunni inn í símsstöð Mílu og væri því í raun annars konar en að sumu leyti sambærilegar og þær lagnir sem gjaldtakan ætti við.

GR hefði á árinu 2008 borist reikningar frá Mílu vegna hýsingar á tengibúnaði vegna ljósleiðaralagna GR. Félagið hefði hafnað þessum reikningum og teldi sig með greiðslu stofngjalda hafa greitt fyrir lagningu strengja og tengibúnaðar inn í símsstöðvar Mílu. Félagið hefði því greitt umrætt gjald í þeirri góðu trú að um væri að ræða einu gjaldtökuna fyrir lög्नina. Þegar GR hugðist leggja ljósleiðara inn í símsstöðvar í Hafnarfirði í maí 2008, hefði Míla komið fram með þá kröfu að GR greiddi mánaðarlegt þjónustugjald fyrir hýsingu á tengiboxi. Að sögn Mílu væri um að ræða gjald fyrir hýsingu á hálfum tækjaskáp samkvæmt verðskrá Mílu fyrir heimtaugar. Þegar skýringa hefði verið leitað á umræddum umskiptum í gjaldtöku hefði komið fram af hálfu Mílu að um mistök hefði verið að ræða að fara ekki fram á greiðslu mánaðargjalds fyrr.

GR liti svo á að tengiboxin væru nauðsynlegur hluti af ljósleiðaralög्नinni sem slíkri. Þar væri skilflötur milli ljósleiðaranets GR annars vegar og ljósleiðara sem lagður væri inn í búnað viðskiptavinar hins vegar og væri á ábyrgð viðskiptavinarins. Í tengiboxinu tengdust einnig saman ljósleiðarastrengir af mismunandi tagi, strengir sem ýmist væru ætlaðir í utanhús- eða innanhúslagnir. Það yrði því að teljast eðlilegt að í heimild til lagningar ljósleiðara inn í símsstöð fælist einnig heimild til frágangs á utanhúslög्न í tengibox þangað sem hægt væri að tengja búnað viðskiptavina.

Ljóst væri að um ágreining væri að ræða þar sem reikningar væru sendir og þeim hafnað og óskaði GR því eftir að PFS tæki afstöðu til umrædds ágreinings.

2.2 Bréf PFS til Mílu, dags. 18. febrúar 2009

Fulltrúar PFS og Mílu funduðu um málið þann 9. desember 2008 þar sem Míla reifaði sjónarmið sín varðandi kvörtun GR. Með bréfi, dags. 18. febrúar 2009, óskaði PFS eftir formlegri afstöðu Mílu til ofangreindrar kvörtunar GR. Ennfremur var þess óskað að félagið svaraði nánar tilgreindum spurningum.

2.3 Svarbréf Mílu, dags. 8. apríl 2009

Svar Mílu barst með bréfi, dag. 8. apríl 2009. Fram kom að GR hefði um nokkurra ára skeið farið með búnað inn í húsnæði Mílu í nafni Vodafone undir þeim formerkjum að ætlunin væri að leggja ljósleiðarastreng að búnaði Vodafone sem hýstur væri í rýminu. GR hefði ekki sótt um aðstöðuleigu í gegnum söludeild Mílu. Söludeildin hefði því ekki verið upplýst um að GR væri með tengibúnað í húsnæði Mílu. Að ósk Vodafone hefði verið opnað fyrir starfsmönnum GR og hefði sú beiðni farið í gegnum rekstrarhluta Mílu. Síðar hefði komið í ljós að kominn hefði verið búnaður á vegg nokkurra símsstöðva.

Búnaðurinn sem um ræddi samanstæði af svokölluðum múffum sem væri hlíf utan um samtengingu tveggja eða fleiri strengja. Í tilviki GR væri verið að tengja innanhúsljósleiðara við utanhústreng. Umrædd múffa tæki mikið pláss og henni þyrfti að koma fyrir á vegg ásamt tilheyrandi slaka (aukastreng). Uppsetning búnaðarins hefði brotið í bága við reglur um úthlutun í tækjahúsum Mílu. Þrátt fyrir að í kjölfarið hefði

ítrekað verið haft samband við starfsmenn GR hefði það ekki skilað neinum árangri. GR virtist telja að úr því að félagið hefði einhliða tekið sér rétt með þessum hætti yrði hann ekki af því tekinn og að fyrirtækinu bæri ekki að greiða gjöld fyrir aðstöðuna.

GR hefði mátt vera ljóst að samkvæmt ákvæðum í undirrituðum samningi um aðstöðuleigu þyrfti samþykki leigusala fyrir uppsetningu búnaðar. Eftir þessu leyfi hefði aldrei verið leitað. Starfsmönnum GR hefði á sínum tíma verið veittur aðgangur að húsum Mílu án fylgdar í trausti þess að þeir væru eingöngu að fara inn til að þjónusta búnað sem væri í hýsingu hjá þeirra viðskiptavinum en að ekki væri um uppsetningu búnaðar að ræða. Í öllum tilvikum bæri að leita samþykkis leigusala samkvæmt ákvæðum í viðmiðunartilboði um aðstöðuleigu og með vísan til friðhelgi eignarréttar. Öll fyrirtæki sem hýstu búnað í húsnæði Mílu yrðu að greiða fyrir þá aðstöðu. Í tilviki GR væri ekki um nágreinshýsingu að ræða þar sem GR væri ekki einungis að koma með ljósleiðara inn heldur tengibox sem tæki talsvert rými. Stærð umræddra tengiboxa væri margföld á við stærð hefðbundinna tengiboxa. Að auki hefði frágangur verið slæmur.

Varðandi þá spurningu PFS hvaða kostnaði Míla teldi sig verða fyrir varðandi umræddan aðgang kom fram að það rými sem búnaður GR tæki yrði ekki nýtt fyrir greiðandi viðskiptavinum Mílu. GR tæki í mörgum tilvikum rými sem næmi allt að tveimur tækjaskápum í símsstöðvum þar sem með réttri uppsetningu væri nóg að taka rými sem næmi hálfum til einum tækjaskáp. Í sumum tilvikum þyrfti Míla að ráðast í breytingar á húsnæði sínu til að koma fyrir eigin búnaði eða búnaði viðskiptavina sinna þar sem GR hefði sett múffur sem hindruðu Mílu í frekari nýtingu á rými sínu.

PFS hefði einnig spurt hvort hugsanlegur kostnaður sem Míla yrði fyrir vegna aðstöðu GR væri kostnaðargreindur og ef félagið yrði fyrir kostnaði óskaðist sundurliðun á honum. Þessu væri til að svara að kostnaður sem Míla yrði fyrir væri að sjálfsögðu kostnaðartengdur eðli málsins samkvæmt. Það félli til kostnaður af því að byggja, eiga, viðhalda og reka húsnæði eins og alþekkt væri. Til þess að húsnæðið uppfyllti gæða- og öryggiskröfur þyrfti að viðhalda húsnæðinu, veita til þess rafmagni, hitastýringu, þrifa húsnæðið og hafa umsjón með því. Að auki bættist við sá sérstaki kostnaður vegna þessa máls þar sem að greina þyrfti sérstaklega hvar GR hefði sett upp búnað án leyfis og hvernig umhorfs væri, auk kostnaður við að koma uppsetningu í rétt horf þar sem reglur um uppsetningu og umgengni hefðu verið brotnar. Þar sem skoðun Mílu væri sú að umræddur aðgangur heyrði ekki undir heimtaugaleigumarkaði eða leigulínumarkaði teldi félagið að PFS hefði ekki lagastoð til þess að krefja Mílu um kostnaðargreiningu á þessari aðstöðu, auk þess sem það bryti í bága við meðalhófsreglu stjórnarsýslulaganna að fara fram á svo viðamikla greiningu á þessu stigi.

Þá hefði PFS beint þeirri spurningu til Mílu hvort félagið teldi að umræddur aðgangur félli undir leigulínumarkaði þá sem greindir hefðu verið í ákvörðun PFS nr. 20/2007 og ef ekki óskaðist rökstuðningur þar að lútandi. Míla væri ekki á því að um væri að ræða aðgang að aðstöðu í tengslum við koparheimtaug. Að mati Mílu heyrði þessi aðgangur ekki heldur undir leigulínumarkaði 13 (lúkningarhluti) eða 14 (stofnlínuhluti). GR væri að veita viðskiptavinum sínum aðgang að sínu eigin neti í húsnæði Mílu. Í því sambandi væri mikilvægt að hafa í huga að þessi aðstaða væri ekki ómissandi aðstaða (e. essential

facility). Það mætti meðal annars ráða af því að á nokkrum stöðum hefði GR valið að sleppa því að setja samtengingu á strenginn sem lagður hefði verið að tækjaskáp. Þar með væri ekki upptekið pláss fyrir múffu (samtengihlíf) í húsnæði Mílu og í þeim tilvikum hefði Míla ekki gert kröfu um frekari greiðslu fyrir hýsingu umfram greiðslu stofngjalds. Ekki stæði hins vegar á Mílu að veita umbeðinn aðgang gegn eðlilegu endurgjaldi og í samræmi við samningsbundnar reglur.

Að lokum hefði PFS spurt hvort Míla krefði önnur fjarskiptafyrirtæki um sambærileg gjöld og félagið krefði GR í máli þessu. Svarið væri að viðskiptavinir Mílu gerðu samninga um aðstöðuleigu á jafnræðisgrundvelli. Það bæri þó að athuga að engir aðrir viðskiptavinir Mílu væru í sambærilegri aðstöðu og GR.

Að framansögðu væri ljóst að Míla hefði um langt skeið hýst búnað GR án þess að um það hefði verið samið og án þess að fá réttmætt endurgjald fyrir. Þessi aðgangur heyrði ekki undir aðgang fjarskiptafyrirtækja að netum Mílu heldur væri GR að veita aðgang að eigin neti í húsnæði Mílu. Ef GR viðurkenndi ekki rétt Mílu til endurgjalds vegna aðstöðu sem fyrirtækið hefði í húsum Mílu og virti ekki reglur um uppsetningu og umgengni áskildi Míla sér allan rétt í því sambandi.

2.4 Bréf PFS til GR, dags. 20. apríl 2009

Með bréfi, dags. 20. apríl 2009, óskaði PFS eftir viðbrögðum GR við svarbréfi Mílu frá 8. apríl s.l. ef félagið óskaði eftir áframhaldandi aðkomu PFS að ágreiningi félaganna. PFS benti á að stofnunin gæti leitað sátta með aðilum í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003.

2.5 Svarbréf GR, dags. 11. maí 2009

Með bréfi GR til PFS, dags. 11. maí 2009, óskaði félagið eftir því að stofnunin leitaði sátta í umræddu ágreiningsmáli. Kæmi til formlegrar ákvörðunar PFS benti GR á leiðbeiningarskyldu stjórnvalda samkvæmt 7. gr. stjórnsýslulaga varðandi vísan til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvarðana PFS. Jafnframt vildi félagið koma á framfæri athugasemdum við bréf Mílu frá 8. apríl s.l.

Það væri rétt hjá Mílu að eini tilgangur GR með því að fara inn í húsnæði Mílu væri að þjónusta þá viðskiptavini félagsins sem aðgang hefðu að koparstrengjum Mílu, s.s. Vodafone. Til að Vodafone og aðrir gætu þjónustað viðskiptavini sína um koparstrengina í samræmi við samninga þyrfti GR að koma að teningunum við Vodafone í símstöðvum. Þar með teldi GR að tengingar fyrirtækisins við Vodafone í símstöðvum féllu undir aðgang að koparheimtauganeti og stofnlínuneti Mílu.

GR mótmælti því að félagið hefði tekið sér einhliða rétt. Alltaf hefði verið leitað leyfis til að leggja ljósleiðara inn í símstöðvar og í kjölfarið hefði starfsmönnum fyrirtækisins verið hleypt inn. Starfsmenn GR hefðu fylgt þeim leiðbeiningum sem fram hefðu komið frá starfsmönnum Mílu varðandi umgengni og frágang. GR hefði greitt án athugasemda reikninga frá Mílu vegna tengigjalda. Því hefði komist á samningur milli aðila um heimild til tengingar og afnot af viðkomandi húsnæði. Í síðasta lagi þegar GR hefði verið sendir reikningar fyrir tengigjöldum hefði Míla samþykkt ljósleiðaralögn GR í símstöðvar

Mílu. Þar sem ekki væri gerð grein fyrir frekari gjaldtöku, hefði Míla fyrirgert rétti til að krefjast mánaðarlegs aðstöðugjalds síðar.

GR mótmælti því að frágangur hefði verið slæmur þar sem engar leiðbeiningar eða reglur um frágang lægju fyrir af hálfu Mílu umfram þær almennu reglur sem fram kæmu í viðmiðunartilboði fyrir heimtaugar sem GR hefði skrifað undir þann 27. febrúar 2008. Þegar fram hefðu komið athugasemdir um frágang hefði verið sendur tölvupóstur með ósk um upplýsingar um hvar frágangur væri ófullnægjandi en fátt verið um svör frá Mílu.

Að lokum hefði komið fram í máli Mílu að starfsmönnum GR hefði verið veittur aðgangur að símsstöðvum án vitneskju Mílu um að um uppsetningu búnaðar hefði verið að ræða. GR teldi uppsetningu á múffum og tengiboxum hluta af eðlilegri framkvæmd við frágang ljósleiðaralagnar þar sem utanhúslögn mætti innanhúslögn. Því væri ekki um að ræða búnað í þeirri merkingu sem hýsingarstarfsemi Mílu næði til, heldur nauðsynlegan frágang á ljósleiðaralögn GR.

2.6 Bréf PFS til Mílu, dags. 13. maí 2009

Með bréfi, dags. 13. maí s.l., óskaði PFS eftir afstöðu Mílu til beiðni GR um sáttafund og veitti félaginu færi á að tjá sig um bréf GR frá 11. maí s.l.

2.7 Svarbréf Mílu, dags. 28. maí 2009

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 28. maí s.l., kom fram að ljóst væri að GR hefði ekki tekist að rökstyðja kröfu sína eða heimfæra hana til lagaákvæða. Af hálfu Mílu væru áður framkomin sjónarmið og röksemdir ítrekaðar. Þar sem það hefði frá upphafi verið vilji Mílu að leysa mál þetta væri það vilji Mílu að reyna með atbeina PFS að ná sáttum í málinu. Þrátt fyrir að fallist væri á að reyna sáttaleið væri Míla ekki á nokkurn hátt að fallast á kröfur GR eða falla frá þeim sjónarmiðum sem áður hefðu komið fram. Það væri hins vegar skylda PFS að reyna að leita sátta milli aðila samkvæmt 9. gr. laga nr. 69/2003.

2.8 Vettvangskönnun 28. ágúst 2009

Þann 28. ágúst s.l. mættu fulltrúar PFS, Mílu og GR til vettvangskönnunar í fimm símsstöðvar Mílu þar sem GR var með aðstöðu fyrir búnað sinn. Nánar tiltekið voru fimm símsstöðvar heimsóttar, þ.e. við Hvaleyri og Strandgötu í Hafnarfirði, Grandahvarf í Kópavogi, Hraunbæ í Reykjavík og við Eiðistorg á Seltjarnarnesi. Skoðaðar voru aðstæður í umræddum símsstöðvum, m.t.t. frágangs búnaðar GR til að fulltrúar PFS fengju betri tilfinningu fyrir umræddu ágreiningsmáli. Fulltrúi PFS tók myndir af umræddum símsstöðvum og búnaði GR. Umræddar fimm símsstöðvar voru valdar af Mílu og GR.

Skemmst er frá því að segja að símsstöðvarnar voru mismunandi að aldri, gerð og stærð. Þá var frágangur búnaðar GR og það rými sem hann tók í símsstöðvum Mílu mjög mismunandi. Allt frá því að taka nokkurra fermetra veggpláss með múffugrind, tengiboxum og aukastrengjum við Strandgötu í Hafnarfirði yfir í búnað sem samanstendur aðeins af mjög litlu og vel frágengnu tengiboxi (ca. 20x20 cm).

2.9 Sáttafundur 2. september 2009

Þann 2. september 2009 var haldinn sáttafundur vegna umrædds ágreiningsmáls. Þar voru mættir tveir fulltrúar frá PFS, þrír frá Mílu og þrír frá GR. Málsaðilar reifuðu helstu sjónarmið sín í málinu. Niðurstaða fundarins var á þá leið að deiluaðilar myndu hefja samningaumleitanir án íhlutunar PFS til að freista þess að ná samkomulagi í málinu. Tækjust samningar ekki myndi málið koma aftur til kasta PFS til formlegrar ákvörðunar. PFS beindi þeim tilmælum til aðila að hraða samningaumleitunum eins og kostur væri og upplýsa stofnunina reglulega um gang mála.

2.10 Samningaumleitanir Mílu og GR frá 2. september - 12. nóvember 2009 og önnur samskipti sem tengjast málinu með beinum eða óbeinum hætti

2.10.1 Almennt

Á tímabilinu 2. september til 12. nóvember 2009 fóru fram samningaumleitanir á milli fulltrúa Mílu og GR um lausn umrædds ágreinings án aðkomu PFS. Einnig fóru fram ýmis samskipti á milli Mílu og PFS varðandi kostnaðargreiningar vegna hýsingar og viðmiðunartilboða fyrir leigulínur.

2.10.2. Bréf PFS til Mílu vegna viðmiðunartilboðs fyrir leigulínur, dags. 9. september

Þann 9. september 2009 sendi PFS Mílu bréf vegna viðmiðunartilboðs fyrir leigulínur. Fram kom að PFS hefði óskað eftir því í bréfi, dags. 20. mars s.l., að Míla afhenti PFS viðmiðunartilboð fyrir leigulínur í samræmi við ákvörðun PFS nr. 20/2007. Fyrstu drög að viðmiðunartilboði hefðu borist PFS í maí s.l. og uppfærð drög í ágúst.

PFS beindi þeim tilmælum til Mílu að uppfæra viðauka 6 í viðmiðunartilboðinu sem varðar aðstöðuleigu (hýsingu) þannig að hann ætti betur við um aðstöðuleigu í stofnlínukerfinu en byggði ekki alfarið á viðmiðunartilboði fyrir heimtaugar. Aðstöðuleiga á leigulínnumarkaði fyrir stofnlínur færi yfirleitt fram í þeim hluta símsstöðva sem ekki tengdust aðgangsnétinu (þ.m.t. heimtauginni). Kröfur til slíks rýmis þyrftu ekki að vera eins miklar og við ætti um heimtaugaleigurémi. Því þyrfti a.m.k. að breyta kaflanum um lýsingu á aðstöðuleigu (2. kafli) og kaflanum um verðskrá m.t.t. þessa. PFS fengi ekki séð að verðlagning sem byggdist á leigu á stórum og minni tækjaskápum hentaði endilega við verðlagningu umræddrar aðstöðuleigu á sama hátt og við ætti um aðstöðuleigu í heimtaug. Sérstaklega væri mikilvægt að Míla byði upp á hæfilega margar leigueiningar m.t.t. stærðar svo tryggt væri að leigutaki þyrfti ekki að greiða herra verð en nauðsynlegt væri.

2.10.3 Svarbréf Mílu til PFS, dags. 24. september

Í svarbréfi Mílu, dags. 24. september s.l., kom fram að það virtist gæta misskilnings varðandi það að hýsing færi yfirleitt fram í þeim hluta símsstöðva sem ekki tengdust aðgangsnétinu og að kröfur til slíks rýmis þyrftu ekki að vera jafn miklar og við ætti um heimtaugaleigu. Bent væri á að virkur tækjabúnaður sem tengdist beint eða óbeint stofn- eða aðgangskerfinu gerði meiri kröfur til hýsingarrýmis en hjávirkur búnaður gerði. Inntaksrými strengja og rými fyrir múffugrindur gæti verið óupphitað og með lágmarks

loftræstingu en allur virkur búnaður krefðist loftræstingar, rafmagns og snyrtilegs umhverfis. Inntaksrými strengja og rými fyrir múffugrindur væri bæði notað fyrir ljósleiðarastrengi sem notaðir væru í stofnlínukerfinu og fyrir koparstrengi, t.d. heimtaugar og strengir í nágrennishýsingu sem tengdust aðgangsnétinu. Það væri þó munur á umfangi hjávirks ljósleiðarabúnaðar og samskonar búnaðar fyrir koparstrengi. Ljósleiðaramúffur tækju oft margfalt rými á við samsvarandi búnað í aðgangsnétinu.

Í minni tækjarýmum háttaði oft þannig til að ekki væri um sérstakt inntaksrými að ræða og væru þá múffugrindur í sama rými og virkur tækjabúnaður. Allur virkur búnaður sama hvaða markaði hann tilheyrði væri hýstur í sama rými og ekki gerður greinarmunur á verði fyrir sömu vöruna þó svo að búnaður tilheyrði mismunandi mörkuðum. Míla teldi að hér hefði PFS í huga þær aðstæður er ríktu þegar GR setti upp ljósleiðaramúffur til þess að tengja saman innanhús og utanhússtreng þegar félagið tengdi viðskiptavinum sína sem væru með búnað í rými Mílu við stofnkerfi sitt. Að mati Mílu væri GR í þessu tilvik ekki að fá aðgang að stofnkerfi Mílu. Míla gæti þó fallist á að GR væri líklega á stofnlínnumarkaði að tengja sitt stofnlínukerfi við kerfi viðskiptavina sinna sem væru með hýsingu hjá Mílu.

Þrátt fyrir að Míla féllist ekki á að þessi aðgangur félli undir aðgang að stofnkerfi Mílu þá teldi félagið rétt að bjóða fram vöru sem nefndist *ljósmúffugrind*, sem væri að jafnaði staðsett utan tækjarýmis. Hins vegar vildi Míla ítreka að í sumum símsstöðvum Mílu væri lítið pláss og að það væri í raun ekki hægt að bjóða upp á „lakara“ rými. Dæmi væru um að GR hefði staðsett ljósmúffur í „gæðarými“. Verð fyrir ljósmúffugrind myndi hins vegar taka tillit til þess að minni kröfur væru gerðar til rýmisins en á móti kæmi að umfang ljósleiðaramúffu væri margfalt á við múffur fyrir koparstrengi. Kæmi upp tilvik þar sem viðskiptavinur gæti aðeins fengið pláss fyrir múffu í „gæðarými“ yrði að taka á slíku máli í samræmi við atvik hverju sinni.

Meðfylgjandi var uppfært viðmiðunartilboð Mílu fyrir leigulínur þar sem vöruflokkurinn „ljósmúffugrind“ var komin inn.

2.10.4 Bráðabirgðaniðurstaða PFS um kostnaðargreiningu Mílu vegna hýsingar, dags. 25. september 2009

Þann 25. september s.l. tók PFS bráðabirgðaákvörðun um flýti („fast track“) kostnaðargreiningu Mílu varðandi gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu (hýsingu). Bent var á að ef Míla óskaði eftir kæránlegri ákvörðun um umrædda gjaldskrá skyldi beiðni um slíkt koma fram innan tveggja vikna. Slík beiðni kom ekki fram.

Aðdragandi ofangreindrar bráðabirgðaákvörðunar PFS var sá að með ákvörðun stofnunarinnar nr. 20/2007 um leigulínur voru lagðar kvaðir á Mílu um að gjaldskrá fyrir hýsingu félagsins skyldi vera kostnaðargreind. Bráðabirgðaákvörðunin kom í kjölfar niðurstöðu fundar á milli PFS og Mílu þann 26. febrúar s.l. og framlagðra kostnaðargreiningardraga Mílu frá 22. júní s.l. Markmið hennar var að leggja heildarmat á hvort núverandi gjaldskrá Mílu frá janúar 2008 endurspegladi kostnað við aðgangspjónustu félagsins. Kostnaðargreiningardrögin sem PFS fór yfir sýndi ekki sundurliðun á einstaka markaði eða þjónustur heldur eingöngu heildarkostnað við alla

aðstöðuleigu Mílu. Fram kom að ítarlegri kostnaðargreining færi fram á næstu mánuðum þar sem rekstur og fjárfesting yrði brotin niður á tiltekna markaði og einstakar þjónustur. Ekki var metið hvort aðstöðuleiga Mílu teldist hagkvæmt rekin þjónusta. Slíkur samanburður verður gerður í kostnaðargreiningu þeirri sem fyrirhuguð eru á næstu mánuðum.

Kostnaðargreiningardrög Mílu frá 22. júní 2009 gerðu ráð fyrir að gjaldskrá hækkaði um sem næmi hækkun byggingarvísitölu frá janúar 2008 eða sem svaraði 30% hækkun miðað við september 2009. Með ákvörðun PFS nr. 1/2009 frá 19. febrúar s.l. komst PFS að þeirri niðurstöðu að Mílu væri óheimilt að uppfæra verð fyrir aðstöðuleigu m.v. hækkun byggingarvísitölu eftir 1. janúar 2008. Sú niðurstaða var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2009 frá 19. júní s.l. Í samræmi við lauslega útreikninga PFS var það bráðabirgðaniðurstaða stofnunarinnar að gjaldskrá aðstöðuleigu ætti að lækka nokkuð m.v. kostnaðartölur Mílu vegna ársins 2008. Um var að ræða aðstöðuleigu sem spannar a.m.k. markaði 11, 13 og 14 auk þjónustu sem gæti verið án eftirlits PFS með gjaldskrá.

Þar sem um íþyngjandi niðurstöðu var að ræða fyrir Mílu og einungis lá fyrir bráðabirgðakostnaðargreining taldi PFS ekki rétt á þessu stigi að mæla fyrir um lækkun gjaldskrár Mílu fyrir hýsingu. Því skyldi núverandi gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu frá 1. janúar 2008 (sem hækkar ekki m.v. vísitölu) haldast óbreytt þar til ný fullburða kostnaðargreining hefur farið fram. PFS krafðist þess einnig að Míla legði fram ítarlega kostnaðargreiningu fyrir alla aðstöðuleigu sína skipt niður á tiltekna markaði og þjónustur sem í boði væru eða ættu að vera. PFS tók fram að ef umrædd kostnaðargreining myndi ekki berast stofnuninni í síðasta lagi 30. apríl 2010 yrði stofnunin að horfa framhjá kostnaðargreiningu félagsins og nota aðrar aðferðir til að ákvarða gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu.

Þá var þeim tilmælum sérstaklega beint til félagsins að það byði upp á fjölbreyttari vöruflokka í hýsingu á heimtaugaleigumarkaði en nú væri, sbr. lið 3.13 í ákvörðun PFS nr. 1/2009. Einnig að félagið byði upp á fullnægjandi vöruframboð á stofnlínumörkuðum leigulína varðandi hýsingu. Slík hýsing þyrfti ekki að vera sambærileg hýsingu á heimtaugaleigumarkaði, enda væru umræddir hýsingarkostir í eðli sínu ólíkir.

2.10.5 Fundur milli Mílu og GR þann 12. október 2009

Fundur fór fram á milli Mílu og GR þann 12. október s.l. þar sem Míla lagði fram tillögu að nýrri vöru, þ.e. ljósmúffugrind, ásamt verðhugmynd. Umræddar tillögur Mílu voru byggðar á þeim sjónarmiðum sem fram komu í bréfi félagsins til PFS, dags. 24. september og reifaðar voru hér að ofan. Þau sjónarmið gengu út á að bjóða upp á nýjan vöruflökk, þ.e. „ljósmúffugrind“, og „ódyrara“ rými. GR tók sér umhugsunarfrest til að kynna sér tillögu Mílu.

2.10.6 Viðbrögð GR við tillögum Mílu, dags. 3. nóvember 2009

Svar GR við framangreindum tillögum Mílu barst þann 3. nóvember s.l. Þar kom fram að til að ná sáttum í málinu vildi GR leggja til fjórar breytingartillögur. Í fyrsta lagi að GR

sættist á að greiða hið nýja „hýsingargjald“. Gjaldið skyldi greiðast afturvirkkt frá 1. ágúst 2008 í þeim símsstöðvum sem tengdar hefðu verið frá og með árinu 2007 (9 símsstöðvar) en greiðslur hæfust 1. nóvember 2009 fyrir þær símsstöðvar sem tengdar hefðu verið fyrir 2007 (21 símsstöð).

Í öðru lagi teldi GR að gjaldið sem Míla hefði lagt fram, kr. 11.750 án vsk., væri of hátt.¹ Ef þetta yrði endanlegt verð myndi GR greiða gjaldið með fyrirvara um leiðréttingu þegar samþykkt verð lægi fyrir af hálfu PFS. Félagið tæki undir það að betra væri að hafa hlutina einfalda og komast hjá því að gera slíka fyrirvara. Tillaga GR væri því sú að greiða lægra gjald án slíks fyrirvara sem greitt yrði þar til samþykkt verð lægi fyrir. Tillaga GR væri sú að gjaldið yrði 5.000 kr. án vsk. á mánuði.

Í þriðja lagi óskaði GR eftir að hið nýja hýsingargjald ætti við um allar símsstöðvar sem GR væri með búnað í og að ekki yrði gerður greinarmunur á því hvort búnaður væri uppsettur í tengirými eða tækjarými, enda væri ekki til staðar möguleiki að flytja búnað yfir í tengirými. Að lokum hefði komið fram á fundinum þann 12. október s.l. að varan fæli í sér stofngjald upp á kr. 112.000. GR samþykkti að greiða það stofngjald fyrir nýjar tengingar þangað til kostnaðargreint verð lægi fyrir.

2.10.7 Tölvupóstur PFS til Mílu, dags. 3. nóvember 2009

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 3. nóvember 2009, tilkynnti stofnunin félaginu að til stæði að senda viðmiðunartilboð Mílu fyrir leigulínur frá 24. september s.l. í innanlandssamráð á næstu dögum. Fram kom að í bréfi Mílu, dags. 24. september s.l., hefði komið fram að félagið hygðist bjóða upp á nýjan vöruflokk, þ.e. „ljósmúffugrind“ en við lauslega yfirferð hefði PFS ekki fundið því stað í viðauka 6 um aðstöðuleigu. Því væri spurning hvort Míla vildi uppfæra þetta fyrir innanlandssamráð eða hvort það yrði gert í kjölfar samráðsins.

2.10.8 Bréf Mílu til PFS, dags. 5. nóvember 2009

Með tölvupósti, dags. 5. nóvember 2009, sendi Míla PFS uppfært viðmiðunartilboð fyrir leigulínur sem dagsett var sama dag. Vöruflokkurinn „ljósmúffugrind“ kom nú fram með skýrum hætti í viðauka 6.

2.10.9 Innanlandssamráð viðmiðunartilboðs Mílu fyrir leigulínur, dags. 6. nóvember

Þann 6. nóvember s.l. sendi PFS viðmiðunartilboð Mílu fyrir leigulínur frá 5. nóvember 2009 í samráð til hagsmunaaðila. Fram kom að áður en stofnunin tæki afstöðu til þess hvort viðmiðunartilboðið sem nú hefði verið birt af hálfu Mílu uppfyllti þær kvaðir sem getið væri um í ákvörðun PFS nr. 20/2007, sem og hvort það samrýmdist ákvæðum fjarskiptalaga að öðru leyti, óskaði stofnunin eftir afstöðu fjarskiptafyrirtækja og annarra hagsmunaaðila til viðmiðunartilboðsins. Einnig kom fram að öll verð hefðu verið afmáð úr viðmiðunartilboðunum þar sem um þau yrði fjallað í sérstöku máli varðandi kostnaðargreiningu leigulínuverða sem nú væri til meðferðar hjá stofnuninni og kæmu

¹ Þess má geta að núgildandi verð fyrir minni tækjaskáp varðandi aðstöðuleigu á heimtaugamarkaði er kr. 24.500 og kr. 34.580 fyrir stærri.

því ekki til samráðs hér. Frestur var veittur til 18. desember til að koma að athugasemdum.

2.10.10 Svar Mílu við gagntilboði GR, dags. 12. nóvember 2009

Míla svaraði gagntilboði GR með tölvupósti, dags. 12. nóvember s.l. Þar kom fram að Míla hefði farið vandlega yfir gagntilboð GR og komist að þeirri niðurstöðu að félagið gæti engan vegin gengið að því. Þar sem Míla hefði sýnt mikinn vilja til að ná sameiginlegri niðurstöðu og látið málin bíða í meira en ár teldi félagið að það væri fullreynt að samkomulag næðist. Því teldi Míla réttast að PFS úrskurðaði í málinu. Með tölvupósti til PFS þann sama dag óskaði GR einnig eftir því að PFS úrskurðaði í málinu.

2.10.11 Bréf PFS til Mílu og GR, dags. 12. nóvember 2009

Í bréfi PFS til Mílu og GR, dags. 12. nóvember s.l., kom fram að stofnunin myndi taka umrætt ágreiningsmál til ákvörðunar. Félögunum væri veitt tækifæri til að koma að sjónarmiðum sínum og frekari gögnum ef félögin teldu þörf á því áður en til ákvörðunar kæmi.

2.11 Sjónarmið, málsástæður og kröfugerð GR frá 24. nóvember 2009

Í bréfi GR til PFS, dags. 24. nóvember s.l., kom fram að Míla hefði krafist GR um greiðslu mánaðarlegs hýsingargjalds vegna tengibúnaðar sem nauðsynlegur væri til frágangs á ljósleiðarastrengjum GR í símsstöðvum Mílu. GR hefði frá árinu 2001 lagt og tengt ljósleiðarastrengi inn í símsstöðvar Mílu þar sem þeir tengdust í fjarskiptabúnað viðskiptavina GR sem hýstu búnað sinn í símsstöðvunum. GR hefði til þessa greitt Mílu stofngjald vegna umræddra lagna þó svo að þessi vara kæmi ekki fram sem slík í viðmiðunartilboði Mílu fyrir heimtaugar eða öðrum verðskráum þeirra. Krafa um greiðslu mánaðarlegs hýsingargjalds væri nýtilkomin og hefði GR hafnað greiðslu slíks gjalds þar sem GR teldi sig hafa, með greiðslu stofngjalds, greitt fyrir lagningu strengja og tengibúnaðar inn í símsstöðvar. Míla hefði haldið kröfunni til streitu og í kjölfarið hefði GR vísað málinu til PFS til ákvörðunar. Í framhaldi af sáttafundi hjá PFS hefði GR reynt án árangurs að ná sáttum við Mílu í þessu máli.

Að lokum kom fram að GR liti svo á að þessi tiltekna vara félli undir markaði 11 og 14 og þar með ættu öll gjöld að vera kostnaðartengd. GR gæti samþykkt kröfu Mílu um greiðslu mánaðarlegs hýsingargjalds í þeim símsstöðvum sem GR tengdi í framtíðinni. GR óskaði eftir því að PFS ákvarðaði hýsingargjaldið þar til kostnaðartengd verð lægju fyrir. Ofgreiddur eða vangreiddur kostnaður kæmi til endurgreiðslu þegar kostnaðargreind verð lægju fyrir. Í þeim símsstöðvum sem þegar hefðu verið tengdar óskaði GR eftir því að PFS úrskurði að ekki kæmi til frekari gjaldtaka.

2.12 Sjónarmið, málsástæður og kröfugerð Mílu frá 25. nóvember 2009

2.12.1 Almennt um hýsingu

Fram kom að Míla byði fjarskiptafyrirtækjum að hýsa búnað eftir því sem mögulegt væri. Fyrirtækin óskuðu þá eftir aðgangi að heimtaug og gerðu samning í samræmi við

opinbert viðmiðunartilboð Mílu ásamt viðaukum. Viðkomandi gerði svo samning um aðgang að hverjum stað fyrir sig þar sem nánar væri skilgreint í hverju aðgangurinn fælist. Byggt hefði verið á samningi um aðgang að heimtaug þrátt fyrir að í sumum tilvikum hefði viðkomandi fjarskiptafyrirtæki í raun ekki verið að fá aðgang að heimtaug heldur þurft að koma fyrir búnaði í rými aðila, t.d. til þess að geta veitt fjarskiptaþjónustu á öðrum skilgreindum mörkuðum eða á mörkuðum sem ekki féllu undir skilgreinda markaði samkvæmt 16. gr. fjarskiptalaga. Það mætti deila um þá framkvæmd en meginatriðið væri það að samningur um aðgang að hýsingu væri kominn á.

Einnig hefði Míla litið svo á að það skipti ekki máli til hvers viðkomandi ætlaði að setja upp búnað í húsum Mílu svo fremi hann uppfyllti almennar kröfur, s.s. óskað væri eftir aðgangi, rýmið væru til staðar, reglur um öryggi uppfylltar og greitt væri fyrir aðstöðuna. Gjaldskrá Mílu hefði lengst af byggt á því að greitt væri í samræmi við umfang búnaðarins og gjöld vegna rekstrar búnaðarins, s.s. rafmagn og hitastýringu. Framkvæmdin myndi að líkindum breytast í samræmi við ný viðmiðunartilboð sem Míla hefði lagt fram og jafnframt ynni Míla nú að því að gera almennan samning um hýsingu sem þyrfti ekki endilega að tengjast einstöku viðmiðunartilboði.

2.12.2 Nánar um málsatvik að mati Mílu

Frá árinu 2007 hefði Míla reynt að koma á samningum við GR um hýsingu strengja í húsnæði Mílu. Það hefði hins vegar reynst mjög örðugt að fá GR til að rita undir samninga um einstaka staði. Þann 27. febrúar 2008 hefði GR undirritað almennan samning um aðgang að heimtaug ásamt viðaukum. Viðauki 1b fjallaði um hýsingu og í fylgiskjali B við hann væru reglur um umgengni í símstöðvum. Í framhaldi af því hefðu verið undirritaðir 4 samningar um aðgang að einstökum símstöðvum. Eftir miklar viðræður hefði verið ákveðið að klára viðaukasamninga um þá staði sem eftir væru og Míla hefði fallist á að GR myndi hefja greiðslur frá og með 1. ágúst 2008. Eftir fund í október 2008 þar sem Míla hafði afhent GR viðaukasamninga til undirritunar hefði Míla verið í góðri trú um að GR myndi skila þeim undirrituðum hið fyrsta og að samkomulag hefði náðst um greiðslur. Þegar til átti að taka hefði GR ekki reynst tilbúin að undirrita samninga og hefði gert ágreining um greiðslur. Viðaukasamningar um aðstöðu í einstökum símstöðvum hefðu því aldrei verið undirritaðir.

GR hefði neitað að greiða reikninga sem Míla hefði sent samkvæmt þeim samningum sem fyrirtækið hefði þó undirritað og hefði alfarið neitað að greiða leigu fyrir aðstöðu fyrir ljósmúffur sem þeir hefðu sett upp í símstöðvum Mílu. Að framansögðu væri ljóst að Míla hefði sýnt mikla viðleitni til þess að koma til móts við GR í máli þessu. Þrátt fyrir að GR hefði ekki greitt nema fyrir brot af aðstöðu sem það hefði í húsum Mílu hefði Míla ekki gripið til lögmetra ráðstafana, s.s. að krefjast útburðar á búnaði. Þá hefði Míla ekki, þrátt fyrir mikla leit, getað fundið gögn um að GR hefði greitt stofngjald vegna allra þeirra strengja sem lagðir hefðu verið í húsnæði Mílu.

Í framhaldi af sáttafundi PFS hefði verið haldinn fundur á milli deiluaðila. Á fundinum hefði Míla lagt fram tilboð um að búnaður GR á ljósleiðarastreng inni í húsum Mílu yrði flokkaður sem svokölluð „ljósleiðaramúffa“ og sérstakt verð fundið fyrir svokallaða „ljósmúffugrind“, en ekki yrði miðað við verð á tækjaskáp eins og Míla hefði alltaf

krafast. Míla hefði einnig boðið að miðað yrði við að gjaldtaka hæfist ekki fyrr en 1. ágúst 2008. Það hefði verið mat Mílu að gagntilboð GR væri ekki ásættanlegt, enda ljóst að GR væri þegar búin að hagnast á því að vera endurgjaldslaust um árabíl inni í rými Mílu. Það tilboð sem Míla hefði boðið hefði að mati félagsins verið mjög sanngjarnt.

2.12.3 Um athugasemdir Mílu við bréf GR, dags. 11. maí 2009

Því væri algjörlega vísað á bug að Míla hefði með einhverjum hætti fyrirgert rétti sínum til aðstöðugjalds enda hefði Míla margreynt að ná skriflegum samningum um þá staði sem GR væri með tengingu í, en GR hefði færst undan því. Þá lögju málefnalegar ástæður fyrir kröfu Mílu um að aðili yrði að fá leyfi til að setja upp búnað. Þær vörðuðu bæði þá sjálfsögðu kröfu að unnt væri að gjaldfæra fyrir aðstöðuna og kröfur um öryggi sem Míla þyrfti að uppfylla í samræmi við samninga. Míla gerði kröfu um öryggi búnaðar og að aðgengi annarra væri ekki skert. Til þess að halda kostnaði niðri og komast hjá aukakostnaði og óþarfa uppbyggingu vegna lélegs skipulags á rýminu yrði fyrirtækið að geta stýrt því hvernig búnaðinum væri komið fyrir á sem hagkvæmastan hátt.

2.12.4 Aðalkrafa Mílu

Míla krefðist þess aðallega að PFS vísaði málinu frá þar sem GR hefði ekki getað heimfært kröfu sína með vísan til viðeigandi lagaákvæða og að aðgangur GR að húsnæði Mílu heyrði ekki undir neinn skilgreindan markað. Því heyrði það ekki undir PFS að mæla fyrir um skilmála fyrir aðgang sem byggir á frjálsum samningi milli aðila.

2.12.5 Varakrafa Mílu

Til vara krefðist Míla þess að PFS kvæði á um að GR greiddi gjöld fyrir allar tengingar inn í rými Mílu frá þeim tíma sem tengingin hefði verið gerð. Einnig að GR greiddi stofngjald, kr. 112.450, samkvæmt samningi sem GR hefði undirritað í febrúar 2008 fyrir allar teningar inn í húsnæði Mílu, að undanskildum þeim stofntengingum sem GR gæti sýnt fram á að hafa greitt fyrir, frá þeim tíma sem tengingin hefði verið gerð.

Samkvæmt ofangreindu skyldi GR greiða mánaðarlegt gjald fyrir búnað á strengjum sínum, svokallaðar „ljósleiðaramúffur“ í tengirými kr. 11.750 án vsk., frá þeim tíma sem tenging hefði verið gerð. Væri slík múffa staðsett í tæknirými skyldi greitt gjald samkvæmt verðskrá Mílu fyrir búnað sem staðsettur væri í tæknirými.

2.12.6 Nánar um kröfugerð Mílu

Kröfur Mílu byggðu í fyrsta lagi á undirrituðum samningi GR um aðgang og hýsingu hjá Mílu, dags. 27. febrúar 2008 og undirrituðum viðaukum 1-3 við samninginn, dags. 13. mars 2008 og viðauka 4, dags. 19. mars 2008. Einnig að í þeim tilvikum sem GR hefði ekki ritað undir viðaukasamning varðandi einstakan stað þá hefði GR nýtt sér aðstöðu í húsnæði Mílu og þar með hefði komist á samningur um réttmætt endurgjald fyrir aðstöðuna. Jafnframt að GR hefði vitað eða mátt vita að fyrirtækinu bæri að greiða fyrir aðstöðuna og að Míla gerði kröfu um að greitt yrði stofngjald og mánaðarlegt gjald fyrir búnað sem tæki sérstakt rými. Í því sambandi væri vísað til þess að GR hefði gert samning við Mílu um hýsingu og samskipti aðila allt frá árinu 2007.

Míla byggði einnig á því að öll gögn og atvik sýndu fram á að GR hefði verið ljóst frá upphafi að krafist yrði greiðslu fyrir hýsingu alls staðar þar sem GR væri með tengingu þannig að krafist yrði stofnkostnaðar, auk mánaðarlegs gjalds, og að byggt yrði á birtri verðskrá fyrir hýsingu. Ennfremur hefði GR átt að vera ljóst að óheimilt væri að setja upp búnað án samþykkis leigusala. Að lokum væri vísað til almennra reglna kröfuréttar um skuldbindingagildi samninga.

III.

Forsendur og niðurstaða PFS

3.1 Almennt

Eins og fram kemur hér að framan krefst GR þess að PFS taki kæránlega, rökstudda ákvörðun um réttmæti mánaðarlegs gjalds sem Míla krefur GR um fyrir hýsingu á tengibúnaði GR vegna ljósleiðara í 30 símsstöðvum Mílu. Umkafið gjald er kr. 11.750 án vsk. fyrir búnað í tengirými og samkvæmt verðskrá um heimtaugaleigu fyrir búnað í tæknirými. GR hefur komið umræddum tengibúnaði fyrir í umræddum símsstöðvum til að geta tengst viðskiptavinum sínum sem hafa staðsett búnað sinn í tengslum við koparheimtaugaleigu í umræddum símsstöðvum Mílu. GR telur sig hafa með greiðslu stofngjalds greitt að fullu fyrir lagningu strengja og tengibúnaðar í umræddar símsstöðvar.

3.2 Aðalkrafa Mílu - Frávísun

3.2.1 Almennt

Míla krefst þess aðallega að PFS vísi kvörtun GR frá þar sem GR hafi ekki tekist að heimfæra kröfu sína undir viðeigandi lagaákvæði og að umræddur aðgangur heyri ekki undir neinn skilgreindan markað. GR telur hins vegar að umræddur aðgangur í formi aðstöðuleigu heyri bæði undir markað 11 (aðgangur að heimtaug) og markað 14 (stofnlínuhluti leigulína).

Í fyrsta lagi byggir Míla frávísunarkröfu sína á því að kvörtun GR sé vanreifuð þar sem kvartanda hafi ekki tekist að heimfæra kröfu sína undir viðeigandi lagaákvæði. Að mati PFS eru ekki þeir ágallar á málátilbúnaði GR að frávísun varði. Ekki eru gerðar sömu formkröfur í stjórnslumálum og í dómsmálum. Auk þess hvílir leiðbeiningarskylda á stjórnvöldum, þ.m.t. PFS í máli þessu.

Þá hvílir sú skylda á PFS að leiða mál til lykta með ákvörðun í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, en mál þetta er rekið samkvæmt því lagaákvæði. Í 4. mgr. 9. gr. kemur t.d. fram að PFS geti í ákveðnum tilfellum gripið inn í deilur aðila að eigin frumkvæði til þess að ná *markmiðum* fjarskiptalaga eða laga um Póst- og fjarskiptastofnun. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/2003 eru verkefni PFS m.a. þau að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptabjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti, m.a. með því að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á fjarskiptamörkuðum, og hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta. Einnig að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskiptabjónustu, m.a. með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptabjónustu, fjarskiptaneta, *aðstöðu* og bjónustu sem

tengjast fjarskiptanetum. Mikilvægt er því að PFS hafi þessi markmið í huga við meðferð mála.

Kvartandi vísar til ákvarðana PFS á mörkuðum 11 og 14 máli sínu til stuðnings. Eigi þeir markaðir við í máli þessu, annar hvor eða báðir, verður ekki annað séð en að kvartandi byggji kvörtun sína á þeim ákvörðunum og lagatúlkunum sem fram koma í þeim ákvörðunum.

3.2.2 Markaður 11 - Heimtaug

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 var Míla útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (markaður 11). Koparheimtaug er jarðsímastrengur sem tengir nettengipunkt hjá áskrifanda fjarskiptaþjónustu (t.d. heimili eða fyrirtæki) við tengigrind símstöðvar eða sambærilegan búnað. Heimtaugin er því innan notendalínukerfisins en kerfið sem tengir símstöðvar saman nefnist stofnlínukerfið. Koparlínurnar sem mynda heimtaugina eru tengdar við tengigrind í símstöðvunum. Tengigrindur eru tvískiptar, við annan hluta þeirra eru tengdar koparlínurnar í jarðstrengjunum en hinn hlutinn tengist ýmsum búnaði í símstöðinni allt eftir því hvaða þjónusta á að veita á heimtauginni. Venjulega er tengt á milli tengigrindarhlutanna svo að fyrir hverja línu í jarðstrengjunum er að jafnaði tengd lína inn í stöðina. Með þessu fyrirkomulagi er mögulegt að tengja koparlínuna við búnað annars fjarskiptafyrirtækis svo að hann geti veitt viðkomandi notanda þjónustu. Þetta fyrirkomulag er háð því að samkeppnisaðilar Mílu geti fengið húsnæði fyrir búnað sinn í símstöðinni og aðgang að húsnæðinu. Þar sem Míla er eigandi allra koparheimtauga á landinu var félagið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á ofangreindum markaði.

Lagðar voru ýmsar kvaðir á Mílu á ofangreindum markaði, þ.m.t. kvaðir um aðgang á kostnaðartengdu verði. Sá aðgangur sem kveðið var á um að Míla skyldi veita var m.a. fullur og skiptur aðgangur að heimtaug og aðstöðuleiga (samhýsing). Varðandi síðastgreint aðgangsformið kom fram í kafla 6.4.1.2 í viðauka A við ofangreinda ákvörðun að það væri mat PFS að skyldan til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu væri sanngjörn og ætti ekki að skapa Mílu verulegar fjárhagsbyrðar heldur frekar að veita fyrirtækinu möguleika á að nýta umfram afkastagetu, auk þess sem greiðslur fyrir slíkan aðgang veittu Mílu tækifæri til að fá endurgreiðslu af fjárfestingu sinni. Ef skylda til samnýtingar eða samhýsingar krefðist breytinga eða stækkunar skyldi Míla koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir. Míla skyldi verða við öllum sanngjörnum beiðnum um samhýsingu *tilheyrandi búnaðar sem tengist koparlínunum* og þjónustu.

Eins og fram kemur hér að ofan er sú samhýsing sem kveðið er á um að Míla skuli veita á markaði 11 vegna búnaðar sem tengist koparheimtaugum. Þar getur t.d. verið um að ræða DSLAM búnað (e. Digital Subscriber Line Access Multiplexer) sem safnar saman bitastraumi af mörgum heimtaugum og getur tengt hann í einu lagi við stofnlínunetið. Sá búnaður GR sem um ræðir í máli þessu, þ.e. tengibox fyrir ljósleiðara, og almennt er staðsettur í tengirými símstöðva (en ekki tæknirými eins og heimtaugabúnaður), er að mati PFS ekki búnaður sem Míla ber að hýsa samkvæmt kvöðum þeim sem lagðar voru á

félagið með ákvörðun PFS nr. 26/2007, um heildsölumarkað fyrir aðgang að koparheimtaugum. Tilvísun GR til markaðar 11 á því ekki við í máli þessu.

3.2.3 Markaður 14 – Stofnlínuhluti leigulína

Kemur þá til skoðunar hvort umrædd hýsing geti fallið undir kvaðir sem hvíla á Mílu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14). Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 var Míla útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði. Samkvæmt ákvörðuninni tákna leigulínur fjarskiptabúnað sem gefur kost á gagnsærri flutningsgetu milli nettengipunkta og innifelur ekki skiptingu lína að ósk notenda. Hefðbundnar leigulínur (SDH/PDH), ásamt flutningi á rásum í fjölrása flutningakerfum samkvæmt ýmsum samskiptareglum (t.d. Ethernet, ATM, IP-MPLS og DWDM) falla undir viðkomandi markað án tillits til bandbreiddar eða hraða. Skilin milli stofnlínu- og lúkningarluta leigulína liggur að jafnaði í símsstöðinni sem er næst nettengipunktum áskrifenda fjarskiptaþjónustu (endanotenda). Í dag eru stofnlínur oftast ljósleiðarastrengir en voru áður fyrr hefðbundnir símastrengir og/eða radíósambönd.

Undir ofangreindan heildsölumarkað heyrir því flutningsgeta sem seld er öðrum fjarskiptafyrirtækjum til að tengja saman net þeirra og dreifingarstaði. Markaðurinn nær yfir *alla leigulínuþjónustu* á stofnlínukerfinu á heildsölustigi. Fjarskiptafyrirtæki sem nú selja stofnlínur eru Míla og GR á höfuðborgarsvæðinu á nágrenni, Fjarski ehf. á hálendinu, Tengir ehf. á Akureyri á nágrenni og Gagnaveita Skagafjarðar ehf. í Skagafirði. Kaupendur eru önnur fjarskiptafyrirtæki til að þau geti veitt fjarskiptaþjónustu á smásölumarkaði.

GR býður fyrst og fremst upp á að útvega fjarskiptafyrirtækjum ljósleiðaratengingar á höfuðborgarsvæðinu og í nágrennabyggðarlögum sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki nota til að selja fjarskiptaþjónustu á smásölumarkaði til endanotenda, þ.e. einstaklinga og fyrirtækja. Fyrirtækið er því í beinni samkeppni við Mílu á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. GR ber nauðsyn til að komast að viðskiptavinum sínum sem eru tengdir koparheimtaugakerfi Mílu í símsstöðvum Mílu. Umrædd hýsing er einn valkosturinn í því sambandi.

Eins og áður segir var Míla útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði með ofangreindri ákvörðun og voru viðeigandi kvaðir lagðar á félagið. Meðal annars var lögð aðgangskvöð á félagið, þ.m.t. kvöð um samhýsingu og samnýtingu, sbr. kafla 14.1.3 í viðauka A við ákvörðunina. Fram kemur að samkvæmt d-líð 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga megi krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk bjóði samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapalstokka, *bygginga* og mastra. Jafnframt væri almennt ákvæði um skyldu til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu á aðstöðu eða landareign í 25. gr. fjarskiptalaga. Ennfremur kom fram að Míla (áður Síminn) hafi veitt aðstöðu, t.d. í byggingum, á grundvelli 25. gr. fjarskiptalaga. Þá segir orðrétt: „*Þrátt fyrir það telur PFS nauðsynlegt að leggja þessa skyldu á Mílu á grundvelli 2. mgr. 28. gr. fjarskiptalaga þar sem það getur verið meiri hvatning í dag en áður fyrir fyrirtækið að hleypa ekki nýjum aðilum að aðstöðu sinni.*“

Pá kemur fram í ofangreindum kafla viðaukans að það sé mat PFS að skyldan til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu sé sanngjörn og ætti ekki að skapa Mílu verulegar fjárhagsbyrðar heldur frekar að veita því möguleika á að nýta umfram afkastagetu, auk þess sem greiðslur fyrir slíkan aðgang veittu Mílu tækifæri til að fá hlutfallslega endurgreiðslu af fjárfestingu sinni í netinu. Kallaði skylda til samnýtingar eða samhýsingar á nauðsynlegar breytingar eða stækkun yrði að telja það í flestum tilfellum sanngjarnt. Skylda til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu væri lögð á Mílu varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hefði yfir að ráða. Næðist ekki samkomulag milli aðila gæti PFS ákveðið eðlileg og sanngjörn verð og skilyrði fyrir aðganginn.

Í kafla 2.3.1 í ofangreindri ákvörðun var aðgangskvöðin orðuð með eftirfarandi hætti:

*„Með heimild í 28. gr. og 33. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á ... Mílu ehf. að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að stofnlínuhluta leigulína og **þjónustu á heildsölustigi**. Síminn hf. og Míla ehf. skulu m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um **samnýtingu og samhýsingu**, aðgang til endursölu, opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum og annarri tækni, og samtengingu neta. Samningum um aðgang og samtengingu við leigulínunet Símans hf. og Mílu ehf. skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfa tafa. ... Síminn hf. og Míla ehf. skulu tryggja að sú þjónusta, sem hefur verið í boði, standi áfram til boða í hæfilegan tíma og einungis er heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutadeigandi notendur og með samþykki PFS.“ (leturbr. undirritaðs)*

Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að Míla ber að veita fjarskiptafyrirtækjum þjónustu á heildsölustigi á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína, þ.m.t. samnýtingu og samhýsingu. GR starfar í samkeppni við Mílu á viðkomandi markaði og ber nauðsyn til að fá aðgang að viðskiptavinum sínum sem tengdir eru heimtaugakerfi Mílu í umræddum símsstöðvum. Samkvæmt öllu ofangreindu ber Míla skylda til að bjóða upp á umrædda aðstöðuleigu (hýsingu) á viðkomandi markaði. Í umfjöllun um varakröfu Mílu í kafla 3.3 hér að aftan verður fjallað hvaða skilmálar gilda um umræddan aðgang.

3.2.4 Niðurstæða varðandi frávísunarkröfuna

Að öllu ofangreindu virtu hafnar PFS frávísunarkröfu Mílu og telur að ágreiningur málsins falli undir heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markað 14).

3.3. Varakrafa Mílu

Varakrafa Mílu er eftirfarandi:

1. Að PFS kveði á um að GR greiði gjöld fyrir allar tengingar inn í rými Mílu frá þeim tíma sem tengingin var gerð.
2. Að GR greiði 112.000 kr. stofngjald samkvæmt samningi sem GR hefði undirritað í febrúar 2008 fyrir allar tengingar í húsnæði Mílu, að undanskildum þeim stofntengingum sem GR gæti sýnt fram á að hafa greitt fyrir, frá þeim tíma sem tengingin var gerð.
3. Að GR greiði 11.750 kr. gjald án vsk. á mánuði fyrir búnað á strengjum sínum, svokallaðar „ljósleiðaramúffur“ í tengirými, frá þeim tíma sem tenging var gerð.

4. Að þar sem ljósleiðaramúffa GR er staðsett í „tæknirými“ greiði GR gjald samkvæmt verðskrá Mílu fyrir búnað sem staðsettur er í tæknirými.

GR krefst þess að PFS taki rökstudda ákvörðun um réttmæti mánaðarlegs gjalds sem Míla krefur GR um fyrir hýsingu á tengibúnaði GR vegna ljósleiðara í símsstöðvum Mílu. GR telur sig hafa með greiðslu stofngjalds greitt að fullu fyrir lagningu strengja og tengibúnaðar í umræddar símsstöðvar.

Niðurstaða PFS varðandi aðalkröfu Mílu í kafla 3.2 hér að framan var sú að umrædd aðstöðuleiga (hýsing) heyrði undir heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markað 14) sem kveðið var á um í ákvörðun PFS nr. 20/2007 og að Míla bæri að veita fjarskiptafyrirtækjum umrædda aðstöðuleigu. Þegar leyst er úr ágreiningi málsins ber að horfa til þeirra kvaða sem lagðar voru á Mílu með umræddri ákvörðun PFS nr. 20/2007. Þegar hefur verið fjallað um aðgangskvöðina en nú verður fjallað um þær kvaðir sem kveða á um nánari útfærslu aðgangansins.

Samkvæmt kafla 2.3.5 í ofangreindri ákvörðun og kafla 14.5 í viðauka A var lagð kvöð á Mílu um eftirlit með gjaldskrá. Í umræddum viðauka kom m.a. fram að til að koma í veg fyrir að Míla verðleggi umfram kostnað á viðkomandi markaði (e. excessive pricing) teldi PFS að kostnaðareftirlit væri nauðsynlegt úrræði til að fyrirbyggja slíka misnotkun á markaðsstöðu. PFS teldi því nauðsynlegt að viðhafa eftirlit með verðlagningu á leigulínum þannig að PFS gæti metið hvort verðlagning væri í samræmi við kostnað. Orðrétt segir um gjaldskrárkvöðina í kafla 2.3.5:

*„Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð á ... Mílu ehf. kvöð um eftirlit með gjaldskrá vegna stofnlínuhluta leigulína. Síminn hf. og Míla ehf. skulu halda kostnaðarbókhald og gera kostnaðarlíkan til útreiknings á verði fyrir leigulínur í heildsölu samkvæmt sögulegum kostnaði. Gerð kostnaðarlíkans skal vera lokið **innan eins árs** frá birtingu ákvörðunar um viðkomandi markaði. ... Til að fylgjast með breytingum á gjaldskrá telur PFS rétt að setja það skilyrði að allar breytingar á gjaldskrá ... Mílu ehf. þurfi að tilkynna til PFS og munu þær ekki öðlast gildi **nema með samþykki PFS**“ (leturbr. undirritaðs)*

Samkvæmt kafla 2.3.3 í ofangreindri ákvörðun og kafla 14.3 í viðauka hennar var lögð kvöð á Mílu um að útbúa og birta viðmiðunartilboð fyrir samtengingu leigulína og upplýsingar um aðgang að stofnlínuhluta leigulína í heildsölu, þ.á.m. *gjaldskrá*, tæknilega eiginleika og afgreiðsluskilmála. Fram kom að viðmiðunartilboð gæfi öllum markaðsaðilum kost á að sjá hvað væri í boði og tryggði að fyrirtæki yrðu ekki krafín um þjónustu og aðstöðu sem væri þeim ekki nauðsynleg.

Í 15. kafla viðauka A við ofangreinda ákvörðun PFS var fjallað um mat á áhrifum álagðra kvaða. Þar kom m.a. fram að í ljósi sterkrar stöðu Símans og Mílu á leigulínumörkuðum almennt og stöðu félaganna, teldi PFS nauðsynlegt að leggja allar framangreindar kvaðir á félögin, eftir því sem við ætti, til að stuðla að aukinni samkeppni og tryggja hagsmuni neytenda. Þar sem aðrar kvaðir hentuðu ekki betur til að ná tilætluðum árangri teldi PFS að með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu Símans og áhættu sem tekin hefði verið með henni, væri ekki um óeðlilega kröfur að ræða. Sú byrði sem kvaðirnar hefðu í för með sér

fyrir Síminn og/eða Mílu ættu ekki að ráða úrslitum um álagningu þeirra. Að mati PFS væru framangreindar kvaðir eðlilegar og ættu því ekki að teljast mjög íþyngjandi. Kvaðirnar væru í þágu samkeppni til lengri tíma litið og væru til þess fallnar að auka framboð á fjarskiptamarkaðnum, þar sem leigulínur væru grundvöllur margskonar fjarskiptastarfsemi.

Samkvæmt ofangreindu átti kostnaðarlíkan fyrir leigulínuþjónustu Mílu, þ.m.t. aðstöðuleigu, að berast PFS til yfirferðar og samþykktar innan árs frá uppkvaðningu ofangreindrar ákvörðunar, þ.e. eigi síðar en 14. september 2008. Umrætt kostnaðarlíkan barst PFS ekki fyrr en 1. júlí 2009 og hafði það ekki að geyma kostnaðargreiningu fyrir aðstöðuleiguhlutann. Það varð að samkomulagi PFS og Mílu að aðstöðuleiga sem tengdist hinum ýmsu mörkuðum sem Míla bæri kvaðir á yrðu kostnaðargreindar saman. Bráðabirgðaákvörðun PFS varðandi hýsingarverð var tekin þann 25. september s.l. Niðurstaðan varð sú að Míla fékk að halda óbreyttum þeim verðum fyrir aðstöðuleigu sem þá voru í gildi þar til PFS hefði samþykkt ný verð í kjölfar ítarlegrar kostnaðargreiningar sem fram færi á næstu mánuðum þar sem rekstur og fjárfesting yrði brotin niður á tiltekna markaði og þjónustur. PFS krafðist þess að Míla legði fram ítarlega kostnaðargreiningu fyrir alla aðstöðuleigu sína skipt niður á tiltekna markaði og þjónustur sem í boði væru eða ættu að vera í boði. Ef umrædd kostnaðargreining hefði ekki borist PFS eigi síðar en 30. apríl 2010 yrði stofnunin að horfa framhjá kostnaðargreiningu Mílu og nota aðrar aðferðir til að ákvarða gjaldskrá fyrir aðstöðuleigu.

Ekki kom fram í ofangreindri ákvörðun PFS nr. 20/2007 hvenær viðmiðunartilboðið átti að liggja fyrir en með bréfi PFS til Mílu, dags. 20. mars 2009, fór PFS fram á að félagið afhenti stofnuninni slíkt tilboð til yfirferðar. Svar barst frá Mílu með bréfi, dags. 30. mars s.á. Þar kom m.a. fram að félagið liti svo á að verðskrá og reglur fyrir leigulínur sem birt væri á vef félagsins væri í raun viðmiðunartilboð um leigulínur. Þá teldi félagið að óráðlegt væri að leggja fram uppfært viðmiðunartilboð áður en gengið væri frá þeim breytingum sem félagið hygðist gera á verðlagningu leigulína en ætti eftir að fá samþykki PFS fyrir. PFS bærust fyrstu drög að viðmiðunartilboði leigulína þann 28. maí s.l. Þar var ekki gert ráð fyrir sérstökum vöruflokki í tengslum við aðstöðuleigu. Þann 10. júní s.l. sendi PFS Mílu tölvupóst um að ýmis atriði vantaði í viðmiðunartilboðið, þ.m.t. ákvæði um aðstöðuleigu. Uppfært viðmiðunartilboð Mílu barst PFS þann 14. ágúst 2009. Þar var fyrst kveðið á um aðstöðuleigu. Með bréfi PFS til Mílu, dags. 9. september s.l., benti PFS Mílu á að félagið þyrfti að uppfæra viðauka 6 með viðmiðunartilboðinu sem fjallaði um aðstöðuleigu, þannig að hann ætti betur við um aðstöðuleigu í stofnlínukerfinu. Uppfært viðmiðunartilboð barst PFS þann 24. september s.l., þar sem í fyrsta skipti er boðið upp á aðstöðuleigu varðandi leigulínur í viðmiðunartilboði frá Mílu. Þann 12. október s.l. kynnti Míla GR hugmyndir að aðstöðuleigu sem voru í samræmi við uppfært viðmiðunartilboð frá 24. september s.l. Þann 5. nóvember s.l. barst PFS nýjustu drög Mílu að umræddu viðmiðunartilboði og var það sent í innanlandssamráð til hagsmunaaðila 6. nóvember s.l. Svarefrestur rann út 18. desember s.l. PFS mun á næstu vikum vinna úr athugasemdunum og taka endanlega afstöðu til viðmiðunartilboðsins.

Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að GR og önnur fjarskiptafyrirtæki sem þurfa á umræddri aðstöðuleigu að halda í húsakynnum Mílu í tengslum við heildsölumarkað fyrir

stofnlínuhluta leigulína þurfa að greiða kostnaðargreint verð fyrir umrædda aðstöðuleigu. Sú gjaldtaka sem um ræðir í máli þessu er ný af nálinni og samkvæmt ofangreindri gjaldskrárvöð bar Mílu að afhenda PFS kostnaðargreind verð fyrir leigulínur, þ.m.t. aðstöðuleigu, eigi síðar en 14. september 2008. Verðbreytingar skyldu ekki öðlast gildi fyrr en með samþykki PFS. PFS hefur ekki ennþá samþykkt ný verð fyrir leigulínubjónustu Mílu, þ.m.t. aðstöðuleigu. Varðandi aðstöðuleiguna er um að ræða nýja gjaldtöku sem fara verður í hið hefðbundna ferli viðmiðunartilboðs og samþykkis PFS. Með ákvörðun PFS nr. 20/2007 og þeim kvöðum sem þá voru lagðar á Mílu var samningafrelsi félagsins settar skorður, m.a. með kvöð um aðgang, birtingu viðmiðunartilboðs og kostnaðartengdra verða. Félagið getur því ekki þvingað viðsemjendur sína einhliða til að fallast á gjaldtöku eða aðra skilmála, gegn vilja þeirra, sem ekki koma fram í viðmiðunartilboði.

Það kæmi því til greina að hafna því með öllu að Míla geti innheimt umrædd mánaðargjöld og stofngjöld fyrir umrædda aðstöðuleigu frá GR þar til PFS hefur samþykkt kostnaðargreind verð fyrir aðstöðuleiguna. PFS telur þó að sú niðurstaða sé ósanngjörn fyrir Mílu eins og á stendur í máli þessu. Ber þar fyrst að nefna að ágreiningur hefur verið lengi á milli GR og Mílu um gjald fyrir umrædda aðstöðuleigu og því hefur GR haft töluverðan tíma til að búa sig undir mögulega gjaldtöku. Í annan stað hefur PFS heimild samkvæmt kafla 14.1.3 í viðauka A við ákvörðun PFS nr. 20/2007 til að ákveða eðlilegt og sanngjarnt verð og skilyrði fyrir umrædda samhýsingu ef aðilar ná ekki samkomulagi. PFS hyggst því í máli þessu ákvarða verð fyrir mánaðarlega aðstöðuleigu og frá hvaða tímapunkti Míla getur hafið innheimtu gjaldanna, þar til endanlegt uppgjör fer fram við samþykki PFS á kostnaðargreiningu fyrir aðstöðuleigu.

PFS telur eðlilegt að Míla geti innheimt umrædd leigugjöld áður en kostnaðargreind verð liggja fyrir með fyrirvara um uppgjör þegar kostnaðargreind verð liggja fyrir á næstu mánuðum. Uppgjörið getur þá ýmist leitt til þess að GR þurfi að greiða meira en hér verður kveðið á um ef kostnaðargreind verð verða hærri en bráðabirgðaverðin eða að Míla þurfi að endurgreiða GR ef kostnaðargreind verð verða lægri en bráðabirgðaverðin. PFS ákvarðar bráðabirgðaverðið það sama og Míla bauð GR á fundi þann 10. október s.l. eða kr. 11.750. Þau verð hljóta að byggjast á einhvers konar mati félagsins á verði fyrir aðstöðuleigu. Auk þess verður ekki séð í fljótu bragði að það verð sé ósanngjarnt, t.d. miðað við verð fyrir skápaleigu í heimtaug, þ.e. 24.500 kr. fyrir lítinn skáp og 34.580 kr. fyrir stóran skáp. Eins og áður segir getur verð þetta breyst þegar kostnaðargreind verð liggja fyrir. Bráðabirgðaverðin skulu vera jafnhá burtséð frá því í hvaða rýmum símsstöðvar þau eru. Kostnaðargreining sker svo úr um hvort verð verði mismunandi eftir rýmum.

Leiði kostnaðargreinda verð það sem PFS samþykkir til þess að stofngjald eigi rétt á sér fyrir umrædda aðstöðuleigu ber að gera sannanlega greidd stofngjöld upp á milli aðila. Verði stofngjaldið lægra en GR hefur greitt ber Mílu að endurgreiða félaginu mismuninn. Reynist stofngjaldið eiga að vera hærri ber GR að greiða mismuninn til viðbótar þegar greiddum gjöldum. Þurfi GR að komast inn í nýja símsstöð áður en kostnaðartengd verð hafa verið samþykkt af PFS ber félaginu að greiða sama stofngjald og tíðkast hefur, með sama fyrirvara og við á hér að ofan.

Þá er aðeins eftir að taka afstöðu til þess frá hvaða tímapunkti Mílu heimilast að innheimta umrædd mánaðargjöld. Ljóst er að Míla hefur farið langt fram úr þeim eins árs fresti sem félagið hafði til að skila PFS kostnaðarlíkani og hefur í raun og veru ekki skilað því ennþá varðandi aðstöðuleiguna sem hér er til umfjöllunar. Það sama má segja um viðmiðunartilboðið sjálft, en fyrstu drög þess bárust PFS ekki fyrr en á vormánuðum og lokadrög í byrjun nóvember s.l. við úrvinnslu umrædds viðmiðunartilboðs og tengdrar kostnaðargreiningar. Eins og að ofan greinir barst PFS fyrst drög að viðmiðunartilboði sem hafði að geyma ákvæði um umrædda aðstöðuleigu þann 14. ágúst s.l. Að mati PFS er því í fyrsta lagi hægt að miða við það tímamark, þ.e. 14. ágúst 2009. Þar sem óeðlilegt er að miða við mánaðamót við gjaldtöku sem þessa ber að miða við að Míla hafi haft heimild til að innheimta umrætt mánaðargjald frá og með 1. september 2009.

Ákvörðunarorð

Aðalkröfu Mílu ehf. um frávísun málsins er hafnað.

Ágreiningur málsins fellur undir heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14). Mílu ehf. ber að veita þjónustu á heildsölustigi og aðgang að samhýsingu búnaðar sem tengist ofangreindum markaði í símsstöðvum sínum.

Mílu ehf. var heimilt að hefja innheimtu mánaðarlegs aðstöðuleigugjalds frá og með 1. september 2009 að fjárhæð kr. 11.750 og halda áfram að innheimta stofngjald að fjárhæð kr. 112.000 í tengslum við ofangreindan leigulínumarkað, með fyrirvara um uppgjör og endurgreiðslur þegar kostnaðartengd verð liggja fyrir og hafa verið samþykkt af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 30. desember 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

